


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Náttúrulæsi NÁLÆ1UN05 Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar: Árný Ingveldur Brynjarsdóttir ÁIB, Börkur Már Hersteinsson BÖR og Jóhannes Árnason JÁR.

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandi auki þekkingu og skilning á umhverfi sínu, áhrifum mannsins á náttúruna og sjálfbærni í nútíma þjóðfélagi ásamt því að verða meðvitaðri um órjúfanleg tengsl einstaklings og náttúru. Nemandinn kynnist helstu atriðum og hugtökum náttúruvísindagreina, hvernig þau tengjast daglegu lífi og þjálfast í að nýta sér upplýsingar. Nemandinn gerir sér grein fyrir mikilvægi auðlinda og þroskar með sér vitund um landnýtingu, nýtingu sjávar og umhverfisvæna orkuöflun. Áhersla er lögð á að vekja áhuga, efla þekkingu og ábyrgðarkennd nemandans gagnvart náttúrunni. Um er að ræða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnu og frumkvæði og nemandinn rannsakar viðfangsefni áfangans hverju sinni á gagnrýninn og skapandi hátt.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nánasta umhverfi sínu
- áhrifum mannsins á náttúruna
- helstu hugtökum náttúruvísinda
- mikilvægi sjálfbærni í samfélagi sínu
- auðlindanýtingu og umhverfisvænni orkuöflun

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- lesa og skilja texta, myndrit og kort af ýmsu tagi
- afla sér upplýsinga um umhverfi sitt
- meta upplýsingar á gagnrýninn hátt
- nota hugtök náttúruvísinda í daglegu lífi og framkvæma einfaldar tilraunir
- miðla upplýsingum og skoðunum í ræðu og riti
- skilja samspil manns og náttúru

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla hæfni sinni á skapandi hátt
- bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- vera meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar
- skilja hvernig vistkerfi jarðar setur manninum takmarkanir
- meta gildi upplýsinga um umhverfi og náttúru á gagnrýninn hátt
- bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit
- þekkja stöðu Íslands í umhverfismálum

Námsgögn:

Engin sérstök kennslubók er fyrir áfangann. Kennarinn afhendir og vísar í námsgögn sem stuðst er við fyrir hvert verkefni. Þessi námsgögn verða aðgengileg á Moodle svæði áfangans.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Náttúrulæsi NÁLÆ1UN05 Námsáætlun vorönn 2017	

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vikur	Efnisþættir	Verkefni
2 - 4	Inngangur að áfanga Kort og grunnur að jarðfræði Kort og kortalestur. Unnið með kort af Akureyri, Íslandi og af Evrópu. Ísland og eldvirkni, inngangur að jarðfræði.	A.m.k. þrjú.
5 - 8	Inngangur að efnafræði og eðlisfræði. Mælieiningar, atóm, sameindir og formúlur efna. Helstu hugtök úr hreyfifræði / eðlisfræði.	A.m.k fjögur verkefni skriflegt próf. 20%
9 - 12	Skipulag, umhverfi og atvinnulíf Unnið með skipulagsmál og atvinnulíf. Umgengni, umhverfisvernd og sjálfbær þróun. Umfjöllun fjölmiðla um náttúru og umhverfi skoðuð. Fréttir og greinar skoðaðar og áreiðanleiki upplýsinga og fullyrðinga metnar.	Kynning nem. 10% unnin á glærur út frá nýlegum fréttum.
13 - 16	Erfðir og örverur Inngangur að erfðum og örverum í umhverfi manna.	A.m.k. þrjú verkefni og skriflegt próf. 20%
16 - 18	Náttúrufræði í nærumhverfinu Lögð er áhersla á að skoða nærumhverfið með tilliti til náttúru þess. Umhverfið skoðað, gögnum safnað og unnið úr þeim. Þessi lota er upphaf haustannar og lok vorannar. Dýr og plöntur, land og haf. Landslag og lífríki Íslands skoðað með áherslu á að þekkja helstu flokka dýra og plantna á landi og í sjó.	Nemendur vinna verkefni með frjálsri framsetningu. 10% A.m.k. tvö verkefni. Nemendur skila vinnubók sem sýnir vinnu þeirra í áfanga. 10%

Námsmat og vægi námsþátta. Nemendur þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmat	Lýsing		Vægi
Verkefni	Stutt verkefni í tímum og unnin heima a.m.k. 12 stk.		30%
Tímapróf	Tvö skrifleg próf, 20% og 20% lágmarkseinkunn er 4,0 í prófunum		40%
Kynning	Glærुकynning nemenda í hópum.		10%
Verkefni	Nemendur vinna verkefni í hópum með frjálsri framsetningu.		10%
Vinnubók	Nemendur safna verkefnum annarinnar í vinnubók/sýnisbók. Skilað tvisvar.		10%

Dagsetning: 5. janúar 2017

Jóhanna Anna Þórhildur Meir
Anna Ingveldur Brygg
Undirritun kennara

Blasi B. Linnarsdóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils